


Jarðskjálftar í september 2013



© Upptök jarðskjálfta á Íslandi í ágúst 2013. Rauðir hringir tákna jarðskjálfta stærri en 0 að stærð. Á kortinu eru einnig sýnd eldstöðvakerfi (Páll Einarsson og Kristján Sæmundsson, 1987).

Hátt í 1700 jarðskjálftar mældust í september. Mesta virknin var í Tjörnesbrotabeltinu eins og undanfarna mánuði. Skjálftahrina hófst úti fyrir mynni Eyjafjarðar, á Húsavíkur-Flateyjarmisgenginu, síðustu viku mánaðarins og hélt áfram fyrstu viku október. Stærstu skjálftar mánaðarins voru tæplega þrír að stærð.

Suðurland

Rúmlega 70 skjálftar mældust á Hengilssvæðinu þar af helmingurinn á niðurdælingarsvæði Orkuveitunnar við Húsmúla. Nánast öll sú virkni var síðari hluta mánaðarins og mest í síðustu vikunni. Allir voru skjálftarnir um og innan við einn að stærð.

Smáhrina varð snemma morguns þann 19. september vestan Hengilsins með um tug skjálfta

og var sá stærsti rúm tvö stig. Í fyrstu viku mánaðarins urðu nokkrir skjálftar suðvestur af Ölkelduhálsi í Hengli og var sá stærsti 2,4 að stærð. Tæplega 20 skjálftar mældust á Krosssprungunni og nokkrir í Þrengslum og Hjallahverfi. Um 40 skjálftar mældust á þekktum sprungum á Suðurlandsundirlendi, allir um og innan við einn að stærð. Einn, lítill og grunnur skjálfti varð undir Heklu og tveir skjálftar í Vatnafjöllum, um átta kílómetrum sunnan Heklu og var sá stærri tvö stig.

Reykjanes

Um 20 skjálftar, allir litlir, mældust við Fagradalsfjall á Reykjaneseskaga, flestir í smáhrinu þann 8. september. Nokkrir skjálftar urðu vestar á Reykjaneseskaganum en rólegt á Reykjaneshrygg. Tæplega 30 skjálftar voru staðsettir við Kleifarvatn, stærstu rúmt stig. Nokkrir skjálftar mældust í Brennisteinsfjöllum sunnan Helgafells, stærsti 2,8, auk þess mældust nokkrir litlir skammt sunnan við skíðasvæðið í Bláfjöllum.

Norðurland

Yfir helmingur skjálfta mánaðarins átti upptök í Tjörnesbrotabeltinu norður af landinu. Skjálftarnir voru þó allir innan við þrjú stig að stærð. Mesta virknin var úti fyrir mynni Eyjafjarðar á Húsavíkur-Flateyjar misgenginu. Dagana 21. - 22. mældust þar nokkrir tugir skjálftar, en aðalvirknin hófst 25. september. Yfir 700 skjálftar urðu í september, en hrinan hélt áfram af meira krafti fyrstu viku októbermánaðar. Í september var stærsti skjálftinn 2,9, en nokkrir skjálftar stærri en þrjú stig mældust fyrstu daga október. Sá stærsti varð 2. október, 3,8 að stærð. Þessi virkni er austsuðaustan við aðal skjálftavirknina fyrir ári. Á annað hundrað skjálftar mældust í Öxarfirði og um 60 á Grímseyjarbeltinu. Nokkrir smáskjálftar mældust við Flatey á Skjálfanda. Smáskjálftar mældust af og til á Þeistareykja- og Kröflusvæðum.

Hálendi

Innan við hundrað skjálftar áttu upptök undir Vatnajökli. Lítil jarðskjálftahrina varð undir Lokahrygg, í nágrenni Skaftárkatla, dagana 6. og 7. september. Rúmlega 20 skjálftar voru staðsettir, sá stærsti 2,1. Hátt í 20 skjálftar, stærsti 1,8, mældust undir Örafajökli fyrstu vikur september. Dreifðir skjálftar mældust við Bárðarbungu, Kistufell, Kverkfjöll, Grímsvötn, Þórðarhrynu og Skeiðarárjökul. Nokkrir ísskjálftar mældust í Breiðamerkurjökli. Flestir urðu 4. september, en mikil kelfing íss í Jökulsárlón fylgdi í kjölfarið. Einn skjálfti átti upptök undir Tungnafellsjökli, norðvestan Vatnajökuls, 1,5 að stærð. Á Dyngjufjallasvæðinu mældust rúmlega 80 skjálftar, stærsti 2,0. Flestir áttu upptök við Herðubreiðartögl.

Vestara gosbeltið

Engir skjálftar mældust í Langjökli eða nærliggjandi jöklum þennan mánuðin. Hins vegar urðu nokkrir við Hagafell sem er í kverkinni milli Vestri- og Eystri Hagafellsjökla í sunnanverðum Langjökli. Dagana 23. og 24. varð smáhrina við Tindaskaga, milli Hrafnabjarga og Skjaldbreiðar. Þar mældust 11 jarðskjálftar, allir undir einum að stærð. Engir skjálftar mældust undir Hofsjökli

Mýrdalsjökull

Tæplega 200 skjálftar mældust undir Mýrdalsjökli, heldur færri en mánuðinn á undan. Mesta virknin var, eins og oft áður, í vestanverðum jöklinum í nágrenni Goðabungu, tæplega 80. Allir skjálftarnir voru undir tveimur stigum. Á fimmta tug skjálfta mældust innan Kötluöskjunnar, flestir undir henni austanverðri. Stærsti skjálftinn, 2,4, varð undir lok mánaðar í norðaustanverðri öskjunni og var það jafnframt stærsti skjálftinn í jöklinum í september. Rúmlega 50 smáskjálftar voru staðsettir við Hafursárjökul, skriðjökli í sunnanverðum Mýrdalsjökli og fáeinir í Eyjafjallajökli. Um 40 skjálftar, stærsti um tvö stig, mældust á Torfajökulssvæðinu, flestir í hrinu í fyrstu viku mánaðarins.